

## Fréttatilkynning

Það eru mörg tækifæri á Seltjarnarnesi til þess að gera betur og það er hverju bæjarfélagi hollt að hafa metnað til þess að gera stöðugt betur. Það á að vera grunnstefið í daglegum leik og starfi hérna á Seltjarnarnesi ásamt því að vera í forystu hvað varðar náttúruvernd og fegrun bæjarsins.

Það eru mikil tækifæri fyrir Seltjarnarnes að taka forystu í málum er varða náttúruvernd og fegrun bæjarins og vernda strandlengjuna. Dæmin sýna að Seltirningar verða að vera leiðtogar í eigin umhverfi og varast að bíða eftir ákvörðunum þriðja aðila eins og dæmi sýna um samkomulag bæjarins við Reykjavíkurborg frá 2013 um að þrengja ekki Geirsgötu sýnir. Það samkomulag var ekki pappírsins virði og tími til kominn að Seltjarnarnes taki þátt í að hafa áhrif á samgöngur í Reykjavík enda gríðarlegt hagsmunamál fyrir bæjarbúa.

Reksturs bæjarsjóðs, ráðdeild og meðferð sameiginlegra sjóða þarf alltaf að vera ofarlega á lista þeirra sem stýra og ráðstafa skattfé Seltirninga. Rekstur Seltjarnarnesbæjar hefur verið nokkuð stöðugur síðustu árin og það eru engar aðrar forsendur í kortunum en að svo verði áfram en minnkandi framlegð er áhyggjuefni. Mikið launaskrið hefur verið á vinnumarkaði síðustu ár og við það er ekki ráðið en rétt að benda á að laun- og launatengd gjöld bæjarsjóðs hafa vaxið jafnt og þétt frá 2012 til ársins 2016 þ.e. farið úr 54% í 65% af rekstrartekjum, en 54.3% af skatttekjum fóru í fræðslu- og uppeldismál 2016 en þrír málaflokkar taka mestan hluta skattfjár íbúa, fræðslumál, Íþróttá- og æskulýðsmál auk félagsmála.

Málaflokkurinn laun og launatengd gjöld hafa því vaxið um rúm 40% á þessu tímabili á meðan tekjur hafa einungis aukist um 20% sem staðfestir að það þarf að fara vel með skattfé og nýta það sem best í rekstri.

Þegar ég lít til baka þá er ég þakklátur fyrir að búa í bæjarfélagi sem hefur tekist það sem mörgum öðrum bæjarfélögum hefur ekki tekist þ.e. að vera með reksturinn réttum megin og veita öfluga þjónustu á flestum sviðum samfélagsins. ***Dæmi um það er metnaðarfullur rekstur á einum stærsta leikskóla landsins sem styður duglega við barnafólkið en það þarft samt að fara að huga að stækkun leikskólans þar sem allar deildir eru fullar.*** Við megum líka vera stolt af öflugu íþróttá- og æskulýðsstarfi sem sómi er að, en umframt allt þá eigum við að vera þakklát fyrir gott fagfólk sem sinnir störfum sínum af eljusemi og stjórnendur sem hafa haft metnað til þess að gera betur og leiða okkur áfram í daglegu starfi.

Við megum heldur ekki gleyma því að kraftmikið menningarstarf er rekið á Seltjarnarnesi starfa sjálfstætt og eru mikilvæg fyrir samfélagið, auk þess sem að margir eldri borgar hittast í kirkjunni okkar sem að þjónar líka listum og menningu af myndarskap.

***Eitt stórt hagsmunamál er að móta starf umboðsmanns íbúa til þess að tryggja betri og faglegri stjórnsýslu.***

Ég hef að vel athuguðu máli ákveðið að bjóða fram krafta mína til þess að starfa í þágu bæjarbúa. Við þurfum umfram allt skapandi hugsun og skýra framtíðarsýn hvernig við viljum haga málum hérna á Seltjarnarnesi, til að mynda í samgöngu og skipulagsmálum þar sem umferðin inn og út á Seltjarnarnes er skoðuð sérstaklega:

Auk þess eru aðrar áherslur:

- Framtíðarnesið 2028 stefnumótandi ráðstefna
- Opin og gagnsæ stjórnsýsla
- Hverfalyðræði
- Skipulags- og samgöngumál tekin til endurskoðunar í sátt við íbúa
- Styrkja skipulag um umhverfis- og náttúruvernd
- Lýðheilsa, íþróttastarf, forvarnir fyrir unga sem aldna
- Verkbók framvæmda og umsýsla verktaka gerð aðgengileg á heimasíðu Seltjarnarness
- Fegrun og viðhald gatna bundin áætlun
- Bæta kjör aldraðra markvisst og uppfræða þá sem þurfa á þjónustu bæjarins að halda um réttindi sín
- Móta hugmynd um umboðsmann íbúa

Franski rithöfundurinn Victor Hugo sagði „***ekkert er öflugra en hugmynd sem kemur fram á réttum tíma***”. Ég vil starfa í þessum anda að virkja

fólk til þess að koma fram með nýjar hugmyndir sem tryggja eðlegan framgang og framþróun Seltjarnarness

Guðmundur Helgi Þorsteinsson, höf. er með meistaragráðu í nýsköpun, stefnumótun og breytingarstjórnun frá háskólanum í York st. John, York á Englandi.